



**Fundur í byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 13. júní kl. 16:00 2013 í fundarsal í Végarði.**

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, form. byggingarnefndar

Helga Vigfúsdóttir, fulltrúi í byggingarnefnd

Jón Þór Þorvarðarson, fulltrúi í byggingarnefnd

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

**1. Óbyggðasafn á Egilsstöðum.**

Umsagnir hafa borist frá HAUST og Brunavörnum um Óbyggðasafnið. Umsögn HAUST fylgir með þessari fundargerð sem fylgiskjal. Eftirfarandi athugasemdir komu frá Brunavörnum:

- 1. Hvergi er getið í Byggingareglugerð um, Baðstofur eða gistingu sem ekki er hólfuð í sérherbergi. Öll gisting í flokki 4. verður að taka tillit til, gr. 9.6.21 í byggingareglugerð.*
- 2. Gera þarf nánari grein fyrir í brunavarnalýsingu, brunamótstöðu milligólfs og flokkun innveggjaklæðninga.*

Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að kynna ofangreindar athugasemdir fyrir hönnuði og húsbyggjanda.

Byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti framlagða uppdrætti af Óbyggðasafninu.

**2. Erindi frá eigendum Hamborgar og Hrafnkelsstaða um skiptingu landspildu á Hamborgarnesi.**

Lögð voru fyrir byggingarnefndina gögn frá Bjarna G. Björgvinssyni, hrl. sem hann hefur unnið fyrir landeigendur. Þar er óskað eftir skráningu á skiptingu á landspildu sem fram að þessu hefur verið í óskiptri eign ofangreindra eigenda.

Meðfylgandi umsókninni eru:

- a) Umsókn um stofnun fasteignar
- b) Afrit samning um skiptingu lands
- c) Hnitaskrá nr. 1
- d) Hnitaskrá nr. 2

Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að koma erindinu áfram í viðeigandi skráningu í Þjóðskrá Íslands.

**3. Kynning á erindi frá Brunavörnum á Austurlandi um brunavarnaráætlun fyrir Brunavarnir á Austurlandi.**

Áætlunin er nokkrir tugir blaðsíðna í rafrænu formi. Byggingarnefnd telur eðlilegt að áætlun sem þessi sé til staðar fyrir starfssvæði Brunavarna og mælir fyrir sitt leyti með staðfestingu sveitarstjórnar á erindinu.

**4. Eignarskiptayfirlýsing vegna Végarðslóðar.**

Lóðin er 41.580 m<sup>2</sup> leigulóð. Lóðin er í óskiptri sameign beggja eignanna á lóðinni.

Á lóðinni eru Félagsheimili mhl 01 byggt árið 1957. Gistiskáli mhl 02 byggður árið 2009. Þjónustuhús mhl 03 byggt árið 2009. Eldhúsgámur mhl 04 byggður árið 2012.

Hlutfallstölur hvors fastanúmers í lóðinni eru eftirfarandi:

Fastanúmer 217-3185 matshluti 01 50 %

Fastanúmer 232-1439 matshlutar 02, 03 og 04 50 %

Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að koma erindinu áfram í viðeigandi skráningu í Þjóðskrá Íslands.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00.

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign:

Eiríkur J. Kjerúlf

Helga Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson